

Akureyri, 7. maí 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vísað er í bréf Alþingis, dags. 26. f.m., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga. Umsögn Háskólans á Akureyri er eftirfarandi:

1. Samkvæmt lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, fylgja þessum menntunarheitum engin sérstök starfsréttindi. Rétturinn til að nota þessi heiti skiptir því í raun ekki miklu máli. Mörg menntunarheiti t.d. „efnafræðingur“, „eðlisfræðingur“, „mannfræðingur“ og „stjórn málafræðingur“ eru ekki lögvernduð. Álitamál er hvort starfsheitin „viðskiptafræðingur“ og „hagfræðingur“ þurfi lagaverndar við frekar en mörg önnur sem ekki veita sérstök starfs- eða atvinnuréttindi. Því virðist koma til greina að hætta lögverndun þessara menntunarheita og fella úr gildi lög nr. 27/1981 enda fylgir þeim nokkur kostnaður og fyrirhöfn.

2. Sé hins vegar vilji til að halda þessari lögverndun áfram er ekki óeðlilegt að rýmka nokkuð heimildir manna til að kalla sig viðskipta- eða hagfræðinga þannig að allir sem lokið hafa prófi frá íslenskum háskóla, eftir sambærilegt nám og viðskiptadeild Háskóla Íslands veitir, hafi rétt til að nota þessi starfsheiti.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um fjórar efnisbreytingar á lögum nr. 27/1981. Þessar efnisbreytingar eru:

2.1. Réttur manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, án leyfis ráðherra, er rýmkaður og er ekki lengur bundinn við BS eða Cand. Ocean. próf frá Háskóla Íslands.

Þessi breyting er eðlileg eftir að viðskiptadeild Háskóla Íslands hóf að útskrifa nemendur með BS. gráðu eftir þriggja ára nám. Þessir nemendur geta samkvæmt núgildandi lögum kallað sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga eftir því sem við á. Aðrir háskólar í landinu á rekstrar- eða viðskiptasviði veita hliðstæða menntun og því er eðlilegt að próf frá þeim veiti hliðstæð réttindi.

2.2. Leyfisveitingavaldið er flutt frá menntamálaráðherra til viðskiptaráðherra.

Ekki verður séð að þessi breyting skipti miklu máli. Þó má benda á að starfsheitunum verkfræðingur, arkitekt, skipulagsfræðingur og tækni-fræðingur fylgja lögvarin réttindi sem hafa viðskiptalega þýðingu. Því kann að vera rétt að viðskiptaráðherra veiti leyfi til að nota þessi starfsheiti.

2.3. Skipan nefndar þeirrar sem ráðherra skal leita álits hjá er breytt þannig að nú tilnefnið viðskiptadeild Háskóla Íslands ekki lengur mann í nefndina.


Þessi breyting er eðlileg í því ljósi að fleiri háskólar hafi heimild til að útskrifa viðskipta- og hagfræðinga. Hins vegar er spurning hvort Félag rekstrar- og iðnrekstrarfræðinga ætti ekki að eiga hér einhverja aðild enda munu flestir þeir sem sækja á um breytingar á lögnum vera í því félagi.

2.4. Ráðherra er ætlað með reglugerð að setja nánari reglur um lágmarkskröfur um námslengd og samsetningu prófgráðu sem veitir mönnum rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Eðlilegt er að reyna að setja einhvern ramma hér t.d. með reglugerð. Til þess verks þarf þó að vanda þannig að í framtíðinni komi reglurnar ekki til með að setja óeðlilegar skorður í síbreytilegum heimi.

3. Háskólinn á Akureyri mælir með að Alþingi samþykki að 2. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981 falli brott. Þetta ákvæði veitir hverjum sem er heimild til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing, enda hafi þeir brotið löggin eigi skemur en 6 ár. Þetta ákvæði laganna er óskiljanlegt og vinnur þvert gegn tilgangi þeirra.

Virðingarfyllt,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor